

Hvalfjarðarsveit  
Helga Harðardóttir  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík, 31. maí 2024  
UST202405-255/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Breyting - Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032 - Leirá**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 27. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032 fyrir Leirá.

Í greinargerð kemur fram gert er ráð fyrir breyttri afmörkun landbúnaðarlands L2 og hluta frístundabyggðar F36 yfir í skógræktar- og landgræðslusvæðis. Samhliða breytast stærðir og skilmálar samsvarandi.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Skógrækt stærri en 200 ha falla undir B-flokk laga nr. 111/2021. Framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum flokks B (undir 200 ha) skulu ávallt tilkynntar séu þær staðsettar á verndarsvæðum. sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Vistgerðir sem eru verndaðrar samkvæmt Bernarsamningnum flokkast sem svæði sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og eru því verndarsvæði skv. a. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**

Hlín Gísladóttir,  
**lögfræðingur**